

AUGLÝSING

um fjárfestingarsamning milli Suður-Kóreu og Íslands, Liechtenstein og Sviss.

Hinn 27. september 2006 var svissneska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna fjárfestingarsamnings milli Lýðveldisins Suður-Kóreu og Lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein og Ríkjasambandsins Sviss sem gerður var í Hong Kong 15. desember 2005. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. nóvember 2006.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 8. nóvember 2006.

Valgerður Sverrisdóttir.

Grétar Már Sigurðsson.

Fylgiskjal.

FJÁRFESTINGARSAMNINGUR milli Lýðveldisins Suður-Kóreu og Lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein og Ríkjasambandsins Sviss

Lýðveldið Suður-Kórea (hér á eftir nefnt „Suður-Kórea“) annars vegar og lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“) hins vegar (hér á eftir nefnd „samningsaðilarnir“),

VIÐURKENNA að möguleikar til fjárfestinga, sem er fjölgað með gagnkvæmum hætti, örva flæði fjármagns einkaaðila og efnahagslega þróun hjá samningsaðilunum,

HYGGJAST skapa og viðhalda hagstæðum skilyrðum fyrir fjárfestingar fjárfesta annars samningsaðilans á yfirráðasvæði hins og veita fjárfestum og fjárfestingum þeirra vernd,

HAFÁ HUGFAST að fríverslunarsamningur milli Suður-Kóreu og EFTA-ríkjanna (hér á eftir nefndur „fríverslunarsamningurinn“) er undirritaður samhliða þessum samningi,

STAÐFESTA að þessi samningur er hluti af gerningum um myndun fríverslunarsvæðis Suður-Kóreu og EFTA-ríkjanna eins og um getur í grein 1.4 í fríverslunarsamningnum,

HAFÁ ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

1. gr.

Skilgreiningar

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

1. „félag“: aðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeigu eða undir stjórn einkaaðila eða í eigu eða undir stjórn hins opinbera, þar á meðal hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, einkafyrirtæki, útibú, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða önnur samtök,
2. „fjárfesting“: hvers konar eign, einkum:
 - a) félag,
 - b) lausafé og fasteignir, svo og önnur eignarréttindi, s.s. veðréttindi, veðbönd og tryggingar,
 - c) hlutir, hlutabréf eða hvers kyns önnur hlutdeild í ráðstöfun eigin fjár félags,
 - d) skuldabréf, skuldaviðurkenningar, lán og aðrar skuldir,
 - e) fjárkröfur eða aðrar efndir tengdar félagi sem hafa fjárhagslegt gildi,
 - f) hugverkaréttindi, tækniþekking og viðskiptavild eða
 - g) réttindi sem eru veitt samkvæmt lögum eða með samningi, t.d. sérleyfi, leyfi og heimildir, þ.m.t. hvers konar sérleyfi til að leita að, rækta, vinna eða nýta náttúruauðlindir,
3. „fjárfesting fjárfestis hjá samningsaðila“: fjárfesting sem fjárfestir samningsaðilans á eða ræður yfir, annaðhvort beint eða óbeint,
4. „fjárfestir hjá samningsaðila“:

- a) einstaklingur sem hefur ríkisfang hjá þeim samningsaðila eða á rétt á fastri búsetu þar í samræmi við gildandi lög hans eða
- b) lögaðili eða annar aðili, þó ekki útibú, sem stofnað er til eða er skipulagt samkvæmt gildandi lögum þess samningsaðila og hefur með höndum verulegan atvinnurekstur þar, sem fjárfestir eða hefur fjárfest á yfirráðasvæði annars samningsaðila.

2. gr.

Gildissvið og umfang

1. Þessi samningur á við um fjárfesta hjá samningsaðila og fjárfestingar þeirra hvort sem þær eiga sér stað fyrir eða eftir gildistöku þessa samnings. Hann á ekki við um kröfur vegna atburða sem eiga sér stað áður en hann öðlast gildi.
2. Ákvæði 4. gr. eiga ekki við um ráðstafanir sem varða þjónustuviðskipti, að því tilskildu að viðkomandi atvinnugrein falli undir 3. eða 4. kafla fríverslunarsamningsins.
3. Ákvæði þessa samnings eru með fyrirvara um réttindi og skyldur aðila að þessum samningi samkvæmt öðrum alþjóðasamningum um fjárfestingar.
4. Ákvæði þessa samnings eiga við um fjárfestingatengsl milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Suður-Kóreu hins vegar en ekki um fjárfestingatengsl milli einstakra EFTA-ríkja.

3. gr.

Almenn meðferð og vernd

1. Hver samningsaðili skal, í samræmi við ákvæði þessa samnings, skapa stöðug, réttlát, hagstæð og gagnsæ skilyrði fyrir fjárfesta hinna samningsaðilanna að því er varðar fjárfestingar á yfirráðasvæði hans og viðhalda þeim.
2. Hver samningsaðili skal láta fjárfestingar fjárfesta annars samningsaðila njóta sanngjarnrar og réttlátrar meðferðar og fullrar verndar og öryggis. Enginn samningsaðilanna skal skaða starfsemi þeirra, stjórnun, viðhald, notkun, nýtingu eða ráðstöfun með ósanngjörnum ráðstöfunum sem fela í sér mismunun.
3. Ennfremur skal hver samningsaðili virða allar skriflegar skuldbindingar sem hann kann að hafa tekið á sig hvað snertir sérstakar fjárfestingar fjárfestis annars samningsaðila sem fjárfestirinn gat reitt sig á í góðri trú við að stofna til fjárfestingar, afla hennar eða auka hana.

4. gr.

Innlend meðferð og bestukjaraméðferð

1. Hver samningsaðili skal veita fjárfestum annars samningsaðila og fjárfestingum þeirra, meðferð sem er eigi lakari, í tengslum við myndun þeirra, öflun, aukningu, stjórnun, stýringu, rekstur, uppgjör, sölu, yfirfærslu eða aðra ráðstöfun þeirra, en hann veitir eigin fjárfestum og fjárfestingum þeirra (innlend meðferð) eða fjárfestum þriðja ríkis og fjárfestingum þeirra (bestukjaraméðferð) við samsvarandi aðstæður, hvort sem er hagstæðara.
2. Ef samningsaðili veitir fjárfestum þriðja ríkis eða fjárfestingum þeirra sérstök kjör á grundvelli fríverslunarsamnings, tollabandalags eða svipaðs samnings, sem kveður einnig á um verulega aukið frelsi í fjárfestingum, ber honum ekki skylda til að veita fjárfestum annars samningsaðila eða fjárfestingum þeirra sömu kjör. Þó skal hann, að beiðni annars samningsaðila, veita hinum samningsaðilunum nægilegt tækifæri til að semja um þau kjör sem í þeim samningi felst.
3. Innlend meðferð og bestukjaraméðferð gilda um ráðstafanir varðandi skattlagningu með fyrirvara um nauðsynleg frávík vegna sanngjarnrar eða skilvirkrar álagningar og innheimtu beinna skatta¹. Ef samningsaðili veitir hins vegar fjárfestum þriðja ríkis og fjárfestingum þeirra sérstök kjör á grundvelli samnings um að komast hjá tvísköttun ber honum ekki skylda til að veita fjárfestum annars samningsaðila eða fjárfestingum þeirra sömu kjör.
4. Hefðbundin innlend meðferð, eins og kveðið er á um í 1. mgr., tekur ekki til styrkja er byggjast á stefnu samningsaðila í félagsmálum eða stefnu hans varðandi efnahagsþróun, jafnvel þótt þessir styrkir séu, með beinum eða óbeinum hætti, í þágu atvinnurekstrar eða atvinnurekenda á staðnum. Telji annar samningsaðili að slíkir styrkir geti, í tilteknu tilviki, raskað verulega

1 10. nmgr. í XIV. gr. Hins almenna samnings um þjónustuviðskipti gildir.

tækifærum fjárfesta hans til fjárfestinga getur hann farið fram á samráð um málið. Fjallað skal um slíkar beiðnir með velvilja.

- Með hefðbundinni innlendri meðferð, eins og kveðið er á um í 1. mgr., er átt við, að því er varðar svæðisbundinn aðila, meðferð sem er eigi lakari en sú bestukjaraméðferð sem þessi aðili veitir fjárfestum eigin samningsaðila og fjárfestingum þeirra.

5. gr.

Yfirfærslur

- Samningsaðili skal tryggja frjálsar yfirfærslur á öllum greiðslum, sem tengjast fjárfestingum fjárfesta annars samningsaðila, á yfirráðasvæði sínu og að þær megi flytja af yfirráðasvæði hans án tafar. Til slíkra yfirfærslna teljast einkum en þó ekki eingöngu:
 - stofnfé og viðbótarfjárhæðir til að viðhalda fjárfestingunni eða auka hana,
 - hagnaður, vextir, arður, söluhagnaður, einkaleyfisþóknanir og þóknanir og hvert annað endurgjald í friðu,
 - greiðslur samkvæmt samningi, þ.m.t. lánessamningi,
 - andvirði sölu eða uppgjörs vegna slita fjárfestingarinnar, allrar eða að hluta, laun eða annað endurgjald til þeirra sem starfa erlendis í tengslum við fjárfestinguna,
 - greiðslur sem eru inntar af hendi skv. 13. og 14. gr. og
 - greiðslur sem leiðir af 16. gr.
- Samningsaðili skal ennfremur sjá til þess að slíkar yfirfærslur geti farið fram í gjaldmiðli sem er skiptanlegur án takmarkana, þ.e. gjaldmiðli sem mikil viðskipti eru með á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum og er víða notaður í alþjóðlegum viðskiptum. Unnt skal vera að láta yfirfærsluna fara fram á markaðsgengi þess dags sem hún á sér stað.
- Litið er svo á að 1. og 2. mgr. séu settar fram með fyrirvara um beitingu, á sanngjarnan hátt, án mismununar og í góðri trú, á ráðstöfunum:
 - er varða gjaldþrot, ógjaldfærni eða vernd á réttindum kröfuhafa,
 - er varða eða eiga að tryggja að farið sé að lögum og reglum:
 - um útgáfu, viðskipti með og miðlun verðbréfa, framvirkra samninga og afleiða eða
 - um skýrslur og skrár yfir yfirfærslur eða
 - í tengslum við refsiverðan verknað og úrskurði eða dóma við málarekstur á sviði stjórnsýslu og dómsmeðferð.

6. gr.

Verndarráðstafanir til bráðabirgða.

- Ef svo ber til við sérstakar aðstæður að greiðslur og fjármagnsflutningar milli samningsaðilanna valda eða kunna að valda alvarlegum erfiðleikum við að framfylgja peningamála- eða gengis- stefnu einhvers samningsaðila getur hlutaðeigandi samningsaðili gert verndarráðstafanir vegna fjármagnsflutninga sem eru bráðnauðsynlegir, þó ekki lengur en í sex mánuði, að því tilskildu að þessar ráðstafanir séu í samræmi við greinar samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Heimilt er að framlengja beitingu verndarráðstafana með því að endurinnleiða þær formlega.
- Samningsaðili, sem samþykkir verndarráðstafanirnar, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um það og leggja fram, eins skjótt og auðið er, tímaáætlun um afnám þeirra.

7. gr.

Stefnur í peninga- og gengismálum

Ekkert í þessum samningi, fyrir utan skuldbindingar samningsaðilanna skv. 5. gr., á við um ráðstafanir sem opinberir aðilar beita almennt og án mismununar til að framfylgja stefnu sinni í peningamálum og tengdri stefnu í lána- eða gengismálum.

8. gr.

Lykilstöður

- Hver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglur um komu, dvöl og atvinnu ein-

staklinga, veita fjárfestum annars samningsaðila og starfsmönnum í lykilstöðum, sem starfa hjá þessum fjárfestum eða í tengslum við fjárfestingar þeirra, tímabundna heimild til komu og dvalar á yfirráðasvæði sínu í því skyni að stunda þar starfsemi er tengist stjórnun, viðhaldi, notkun, nýtingu, aukningu eða ráðstöfun þeirra fjárfestinga sem um ræðir, þ.m.t. ráðgjöf og helsta tækniþjónusta.

2. Hver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglur, heimila fjárfestum annars samningsaðila og fjárfestingum þeirra að ráða til sín starfsmenn í lykilstöður að eigin vali án tillits til þess hvert þjóðerni og ríkisfang þeirra er, að því tilskildu að þessir starfsmenn hafi heimild til komu, dvalar og atvinnu á yfirráðasvæði hans og að viðkomandi starf sé með þeim skilmálum, skilyrðum og tímamörkum sem í heimildinni felst til handa slíkum lykilstarfsmönnum.
3. Hver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglur, veita bráðabirgðaleyfi til komu og dvalar og gefa út nauðsynleg staðfestingarskjöl fyrir maka og ólögráða börn einstaklings sem fengið hefur bráðabirgðaleyfi til komu, dvalar og atvinnuleyfi í samræmi við 1. og 2. mgr.; maki og ólögráða börn fá dvalarleyfi til jafnlangs tíma og fyrirnefndur einstaklingur.

9. gr.

Ráðstafanir á sviði heilsu-, öryggis- og umhverfismála

1. Ekkert í þessum samningi ber að túlka svo að samningsaðila sé meinað að samþykkja, viðhalda eða framfylgja hverri þeirri ráðstöfun sem er í samræmi við þennan samning og er í þágu almennings, s.s. ráðstafanir varðandi heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismál.
2. Samningsaðilar viðurkenna að ekki er viðeigandi að hvetja til fjárfestinga með því að draga úr heilsu-, öryggis- eða umhverfisráðstöfunum. Þannig skal samningsaðili hvorki falla eða víkja að öðru leyti frá slíkum ráðstöfunum, eða bjóða slíkt fram, í því skyni að hvetja til þess að stofnað verði til fjárfestinga fjárfestis samningsaðila eða fjárfestis frá þriðja landi, þeirra aflað, aukið við þær eða þeim haldið á yfirráðasvæði hans. Líti samningsaðili svo á að annar samningsaðili hafi sett fram slíka hvatningu er honum heimilt að óska eftir samráði við hann og skulu þeir hafa með sér samráð sem miðar að því að forðast slíkar hvatningar.

10. gr.

Varfærnisráðstafanir

Ákvæði 2. mgr. í grein 4.10 í fríverslunarsamningnum gilda að breyttu breytanda um þennan samning.

11. gr.

Gagnsæi

Ákvæði greinar 10.1 í fríverslunarsamningnum gilda að breyttu breytanda um þennan samning.

12. gr.

Fyrirvarar

1. Innlend meðferð, sem kveðið er á um í 4. gr., gildir ekki um:
 - a) þá fyrirvara sem samningsaðili hefur tíundað í viðauka sínum við þennan samning,
 - b) breytingu á fyrirvara sem fellur undir a-lið, að því marki sem breytingin gerir það ekki að verkum að fyrirvarinn samrýmist síður 4. gr. og
 - c) nýjan fyrirvara, sem samningsaðili samþykkir og fellir undir viðauka sinn, sem hefur ekki áhrif á heildarumfang skuldbindinga þess samningsaðila samkvæmt þessum samningi, að því marki sem slíkir fyrirvarar samrýmast ekki 4. gr.
2. Sem lið í þeirri endurskoðun, sem kveðið er á um í 19. gr., skuldbinda samningsaðilar sig til að endurskoða stöðu þeirra fyrirvara, sem settir eru fram í viðaukunum með það fyrir augum að fækka slíkum fyrirvörum eða fella þá niður.
3. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt, annaðhvort að fenginni beiðni annars samningsaðila eða einhliða, að fella niður fyrirvara sem tíundaðir eru í viðauka hans, í heild eða að hluta, með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna.
4. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt að fella nýjan fyrirvara inn í viðauka sinn í samræmi

við c-lið 1. mgr. með skriflegri tilkynningu til annarra samningsaðila. Þegar hinum samningsaðilunum berst þessi skriflega tilkynning er þeim heimilt að fara fram á samráð um fyrirvarann. Þegar samningsaðilanum, sem bætir inn nýjum fyrirvara, berst beiðni um samráð skal hann hefja samráð við hina samningsaðilana.

13. gr.

Eignarnám og bætur

Enginn samningsaðilanna skal, hvorki beint né óbeint, gera ráðstafanir um eignarnám eða þjóðnýtingu fjárfestingar fjárfesta annars samningsaðila, eða hvers konar aðrar ráðstafanir af sama toga, nema slíkar ráðstafanir séu í þágu almennings, án mismununar og framkvæmdar í samræmi við tilhlýðilega málsmeðferð að lögum og að því tilskildu að gert sé ráð fyrir skjóttum, skilvirkum og fullnægjandi bótagreiðslum. Slíkar bætur skulu nema markaðsverði fjárfestingarinnar, sem tekin er eignarnámi, rétt áður en eignarnám fer fram eða áður en almenningi verður kunnugt um það, eftir því hvort gerist fyrr. Fjárhæð bótagreiðslu skal fela í sér sömu vexti og eru á almennum markaði frá þeim degi sem eignarnám er gert til greiðsludags, greiddar í auðskiptanlegum gjaldmiðli og án tafar sem og vera yfirferanlegar án takmarkana².

14. gr.

Bótagreiðslur

Fjárfestar hjá samningsaðila sem verða fyrir tjóni á fjárfestingum sínum, er stafar af stríði, vopnuðum átökum, byltingu, neyðarástandi, uppreisn, óeirðum eða svipuðum atburðum á landsvæði annars samningsaðila, skulu ekki njóta óhagstæðari kjara af hálfu þess samningsaðila en sá hinn sami veitir eigin fjárfestum og fjárfestum hvaða þriðja ríkis sem er, eftir því hvort er hagstæðara þeim fjárfestum sem um ræðir.

15. gr.

Kröfuhafaskipti

1. Inni samningsaðili eða stofnun, sem hann tilnefnir, af hendi greiðslu í samræmi við fjárhagslega tryggingu gegn áhættu af öðrum toga en viðskiptalegum í tengslum við fjárfestingu eigin fjárfestis á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, skal síðarnefndi samningsaðilinn viðurkenna rétt fyrrnefnda samningsaðilans eða tilnefndrar stofnunar til að ganga inn í réttindi fjárfestisins á grundvelli kröfuhafaskipta.
2. Inni samningsaðili eða stofnun, sem hann tilnefnir, af hendi greiðslu til eigin fjárfestis, og gengur þar með inn í réttindi fjárfestisins, er fjárfestinum ekki heimilt að gera kröfu á grundvelli þeirra réttinda á hendur hinum samningsaðilanum án samþykkis fyrrnefnda samningsaðilans eða tilnefndrar stofnunar hans.

16. gr.

Deilur fjárfestis og samningsaðila

1. Líti fjárfestir hjá samningsaðila svo á að ráðstöfun, sem annar samningsaðili gerir, samrýmist ekki skuldbindingum þessa samnings og valdi honum eða fjárfestingu hans tjóni eða skaða er honum heimilt að fara fram á samráð með það í huga að leysa málið með vinsamlegum hætti.
2. Hafi málið ekki verið leyst innan sex mánaða frá þeim degi að samráðs er óskað skriflega er heimilt að vísa því til dómstóla eða stjórnsludómstóla hlutaðeigandi samningsaðila eða í alþjóðlegan gerðardóm. Ef síðari valkosturinn er tekinn hefur fjárfestirinn val um eftirfarandi:
 - a) vísa málinu til Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna (ICSID) eins og kveðið er á um í samningnum um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja, sem lagður var fram til undirritunar í Washington 18. mars 1965, ef hann liggur fyrir,
 - b) sáttameðferð eða gerðardóm samkvæmt sérurlausnarúrræðum Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna (ICSID) eða

² Lítið er svo á að 13. gr. gildi ekki um útgáfu skyldubundinna leyfa, sem eru veitt í tengslum við hugverkaréttindi í samræmi við samninginn um hugverkarétt í viðskiptum, eða afturköllun, takmörkun eða stofnun hugverkaréttinda að því marki sem slík útgáfa, afturköllun, takmörkun eða stofnun er í samræmi við 7. kafla fríverslunarsamningsins.

- c) sérstakan gerðardóm sem, nema deiluaðilar komi sér saman um annað, er komið á fót samkvæmt gerðardómsreglum nefndar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlegan verslunarrétt (UNCITRAL).
3. Hér með gefur hver samningsaðili fyrirframsamþykki sitt fyrir því að leggja í alþjóðlegan gerðardóm, í samræmi við 2. mgr., deilumál varðandi fjárfestingu sem fjárfestir hjá öðrum samningsaðila hefur þegar stofnað til, að því tilskildu að sá fjárfestir sem á hlut að deilunni hafi sent þeim samningsaðila, sem einnig á hlut að deilunni, skriflega tilkynningu um ætlan sína minnst 60 dögum áður en málið er lagt fyrir gerðardóminn³.
 4. Þegar fjárfestir hefur vísað deilumáli annaðhvort til innlends dómstóls eða til einhverrar þeirrar alþjóðlegrar málsmeðferðar sem kveðið er á um í 2. mgr. skal valið um málsmeðferð vera endanlegt. Ennfremur er fjárfesti ekki lengur heimilt að vísa sama deilumáli til alþjóðlegrar gerðardómsmeðferðar ef hann hefur lagt málið fyrir innlendan dómstól í tengslum við skriflega skuldbindingu sem hann hefur gengist undir að því er varðar sérstakar fjárfestingar fjárfestisins, sbr. 3. mgr. 3. gr.
 5. Enginn samningsaðili skal koma í veg fyrir að fjárfestir, sem aðild á að deilunni, fari fram á, í því skyni að verja réttindi sín og hagsmuni, að gerðar verði verndarráðstafanir til bráðabirgða, sem fela hvorki í sér greiðslu skaðabóta né úrlausn á meginviðfangsefni deilunnar fyrir dómstólum eða stjórnsludómstólum hjá þeim samningsaðila sem hlut á að deilunni, áður en málsmeðferð hefst á einhverjum þeim vettvangi til lausnar deilumálum sem um getur í 2. mgr.
 6. Fjárfesti er óheimilt að leita lausnar á deilumáli í samræmi við 1. mgr. ef meira en fimm ár eru liðin frá því að fjárfestinum varð fyrst kunnugt um eða hefði mátt vera kunnugt um þá atburði sem leiddu til deilunnar.
 7. Samningsaðili, sem er aðili að deilunni, skal aldrei meðan á málsmeðferð stendur nýta sér friðhelgi sína sér til varnar eða það að viðkomandi fjárfestir hafi, samkvæmt váttryggingarsamningi, fengið bætta að hluta eða með öllu þann skaða sem hann hefur mátt þola.
 8. Enginn samningsaðili skal nýta diplómatiskar leiðir í tengslum við deilumál sem lagt hefur verið í alþjóðlegan gerðardóm nema hinn samningsaðilinn hlíti ekki eða fari ekki að úrskurði gerðardómsins.
 9. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila og skal koma til framkvæmda án tafar í samræmi við lög samningsaðilans sem hlut á að máli.

17. gr.

Deilur fjárfestis og samningsaðila í fjármálaþjónustu

1. Ef fjárfestir hjá samningsaðila hefur sent samningsaðila, sem á hlut að deilunni, skriflega tilkynningu um að hann hyggist vísa málinu til alþjóðlegs gerðardóms skv. 16. gr. og samningsaðilinn, sem hlut á að deilunni, skírskotar til 6., 7. eða 10. gr. er samningsaðilanum, sem hlut á að deilunni, heimilt að vísa málinu skriflega til úrskurðar undirnefndarinnar um fjármálaþjónustu sem komið er á fót samkvæmt grein 4.20 í fríverslunarsamningnum. Í þessu máli skal undirnefndin einungis skipuð fulltrúum samningsaðilans, sem á hlut að deilunni, og samningsaðila fjárfestisins.
2. Þegar máli er vísað til undirnefndarinnar um fjármálaþjónustu skv. 1. mgr. skal hún ákveða hvort og að hvaða marki 6., 7. eða 10. gr. á við sem vörn gegn kröfu fjárfestisins. Undirnefndin skal senda ákvörðun sína til fjárfestisins. Komist undirnefndin að þeirri niðurstöðu að umræddar greinar teljist gildar til varnar skal fjárfestir ekki leggja málið í alþjóðlegan gerðardóm. Komist undirnefndin að þeirri niðurstöðu að engin umræddra greina teljist gildar til varnar eða komist hún ekki að niðurstöðu innan 90 daga frá því hún tekur við málinu er fjárfestinum heimilt að leggja málið í alþjóðlegan gerðardóm.
3. Ef fjárfestirinn leggur málið í alþjóðlegan gerðardóm skal hann skipaður í samræmi við 4. mgr. í grein 4.21 í fríverslunarsamningnum, að breyttu breytanda.
4. Ákvæði 16. gr. gilda með fyrirvara um 1. til 3. mgr.

3 Rétt er að taka það fram að litið er svo á að með hugtakinu „fjárfesting sem fjárfestir hefur þegar stofnað til“ er verið að vísa til aðstæðna þar sem ekki er lengur unnið að því að stofna til fjárfestingarinnar eða afla hennar.

18. gr.

Deilur milli samningsaðila

Ákvæði 9. gr. í fríverslunarsamningnum gilda að breyttu breytanda milli aðila að þessum samningi.

19. gr.

Endurskoðun

Með það að markmiði að auka smám saman frelsi í fjárfestingum skulu samningsaðilar endurskoða, eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þessa samnings og reglubundið þaðan í frá, lagaramma um fjárfestingar, umhverfi fjárfestinga og streymi fjárfestinga sín á milli, í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðlegum samningum um fjárfestingar.

20. gr.

Undantekningar

Með fyrirvara um kröfu þess efnis að slíkum ráðstöfunum verði ekki beitt með þeim hætti að það hefði í för með sér handahófskennda eða óréttlætulega mismunun ríkja, þar sem aðstæður eru sambærilegar, eða duldar takmarkanir á fjárfesta og fjárfestingar, skal ekkert í þessum samningi túlkað þannig að það komi í veg fyrir að samningsaðilar samþykki eða beiti ráðstöfunum sem eru:

- a) nauðsynlegar til að vernda almennt siðgæði eða viðhalda allsherjarreglu,
- b) nauðsynlegar til að vernda líf og heilsu manna, dýra eða plantna eða umhverfið eða
- c) nauðsynlegar til að tryggja að farið verði að ákvæðum laga eða reglna sem eru ekki ósamrýmanlegar ákvæðum þessa samnings.

21. gr.

Nefnd

1. Nefnd þessa samnings (hér á eftir kölluð „nefndin“) er hér með komið á fót og eiga í henni sæti fulltrúar frá hverjum samningsaðila.
2. Nefndin skal:
 - a) hafa yfirumsjón með og endurskoða framkvæmd þessa samnings,
 - b) leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við túlkun eða beitingu þessa samnings og
 - c) taka til umfjöllunar hvert það málefni sem haft gæti áhrif á framkvæmd þessa samnings.
3. Ákvarðanir nefndarinnar skulu teknar með samhljóða samþykki.
4. Nefndin getur ákveðið að breyta viðaukunum við þennan samning. Hún getur ákveðið gildistökudag slíkra ákvarðana, sbr. þó 5. mgr.
5. Ef fulltrúi samningsaðila í nefndinni hefur samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að stjórnskipuleg skilyrði séu uppfyllt skal ákvörðunin öðlast gildi á þeim degi þegar síðasti samningsaðilinn tilkynnir að innlend skilyrði hans hafi verið uppfyllt, nema síðari dagsetning sé tilgreind í ákvörðuninni sjálfri. Nefndin getur ákveðið að ákvörðunin skuli öðlast gildi að því er varðar þá samningsaðila sem hafa uppfyllt innlend skilyrði sín, að því tilskildu að Suður-Kórea sé einn þessara samningsaðila. Samningsaðila er heimilt að beita ákvörðun nefndarinnar til bráðabirgða þar til ákvörðunin öðlast gildi, með fyrirvara um stjórnskipuleg skilyrði hans.
6. Nefndin skal koma saman í tengslum við fundi hinnar sameiginlegu nefndar fríverslunarsamningsins nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað. Nefndin skal veita sameiginlegu nefndinni upplýsingar um störf sín.
7. Suður-Kórea og eitt EFTA-ríkjanna skulu gegna formennsku sameiginlega í nefndinni. Nefndin setur sér starfsreglur.

22. gr.

Viðaukar

Viðaukar við þennan samning eru óaðskiljanlegir hlutar hans.

23. gr.

Breytingar

1. Þegar nefndin hefur samþykkt breytingar á þessum samningi, aðrar en þær sem um getur í 4. mgr. 21. gr., skulu þær lagðar fyrir samningsaðilana til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis í samræmi við stjórnskipuleg ákvæði hvers samningsaðila.
2. Breytingarnar öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að síðasta skjali um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið komið í vörslu nema samningsaðilar komi sér saman um annað.
3. Texta breytinga og skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

24. gr.

Aðild

1. Sérhvert ríki, sem er aðili að fríverslunarsamningnum, getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi nefndin ákveði að samþykkja aðild þess með þeim kjörum og skilyrðum sem inngönguríkið og þeir samningsaðilar sem fyrir eru semja um sín á milli. Aðildarskjalið skal afhent vörsluaðila.
2. Að því er varðar inngönguríki skal samningur þessi taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að aðildarskjal þess hefur verið afhent til vörslu eða núverandi samningsaðilar hafa samþykkt aðildarskilmála, hvort sem síðar verður.

25. gr.

Gildistaka

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila.
2. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart þeim undirritunarríkjum, sem þá hafa fullgilt bæði fríverslunarsamninginn og þennan samning, sama dag og fríverslunarsamningurinn, að því tilskildu að undirritunarríkin hafi afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og að Suður-Kórea sé eitt þeirra ríkja sem hefur afhent skjöl sín til vörslu.
3. Þegar um er að ræða EFTA-ríki sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að samningur þessi öðlast gildi skal þessi samningur öðlast gildi sama dag og fríverslunarsamningurinn eða, ef fríverslunarsamningurinn hefur þegar öðlast gildi milli Suður-Kóreu og hlutaðeigandi EFTA-ríkis, á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent til vörslu.
4. EFTA-ríki getur, ef stjórnskipuleg skilyrði þess leyfa það, beitt samningi þessum til bráðabirgða. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu samnings þessa samkvæmt þessari grein.

26. gr.

Uppsögn og slit samningsins

1. Samningsaðili getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að tilkynningin berst vörsluaðila.
2. Dragi Suður-Kórea aðild sína til baka fellur þessi samningur úr gildi þann dag sem tilgreindur er í 1. mgr.
3. Ef samningsaðili segir upp aðild að fríverslunarsamningnum jafngildir það uppsögn á þessum samningi í samræmi við 1. mgr.
4. Ef fríverslunarsamningi er slitið skal þessum samningi slitið sama dag.
5. Að því er varðar fjárfestingar, sem stofnað hefur verið til áður en uppsögn eða slit samnings þessa öðlast gildi, gilda 1. til 18. gr., sem og 20. gr. samnings þessa áfram í tíu ár frá degi er uppsögn eða slit eiga sér stað.

27. gr.

Tengsl við fjárfestingarsamning Sviss og Suður-Kóreu frá 1971

Á meðan samningur þessi helst í gildi eða hefur áhrif kemur hann í staðinn fyrir samning frá 7. apríl 1971 milli ríkisstjórnar Ríkjasambandsins Sviss og ríkisstjórnar Lýðveldisins Suður-Kóreu um að stuðla að auknum fjárfestingum og gagnkvæma vernd þeirra.

28. gr.

Vörsluaðili

Ríkisstjórn Sviss skal vera vörsluaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Hong Kong 15. desember 2005 í einu frumriti á ensku og skal það afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Sviss. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn staðfest afrit.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands
Geir H. Haarde

Fyrir hönd Lýðveldisins Suður-Kóreu
Hyun-chong KIM

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins
Rita Kieber-Beck

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss
Joseph Deiss

**AGREEMENT
on Investment
between the Republic of Korea and the Republic of Iceland,
the Principality of Liechtenstein and the Swiss Confederation**

The Republic of Korea (hereinafter referred to as “Korea”), on the one side, and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein and the Swiss Confederation (hereinafter referred to as “the EFTA Parties”), on the other side (hereinafter collectively referred to as “the Parties”),

RECOGNISING that mutually enhanced investment opportunities will stimulate the flow of private capital and the economic development of the Parties;

INTENDING to create and maintain favourable conditions for investment by investors of one side in the territory of the other side and to provide protection for such investors and their investments;

RECALLING the concomitant signature of a Free Trade Agreement between Korea and the EFTA States (hereinafter referred to as “the Free Trade Agreement”);

CONFIRMING that this Agreement forms part of the instruments establishing a free trade area between Korea and the EFTA States, as referred to in Article 1.4 of the Free Trade Agreement;
HAVE AGREED as follows:

Article 1

Definitions

For the purposes of this Agreement:

1. “Company” means any entity constituted or organized under the applicable law, whether or not for profit, and whether private or government owned or controlled, including any corporation, trust, partnership, sole proprietorship, branch, joint venture or other association;
2. “Investment” means any kind of asset and particularly:
 - (a) a company;
 - (b) movable and immovable property as well as any other rights *in rem*, such as mortgages, liens, and pledges;
 - (c) shares, stocks or any other kind of equity participation in a company;
 - (d) bonds, debentures, loans and other forms of debt;
 - (e) claims to money or to any performance associated with a company having an economic value;
